



Reykjavík, 25. september 2015

Niðurstaða athugunar á nýjum útlánnum hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á nýjum útlánnum hjá Arion banka hf. fyrri hluta árs 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna útlánaferli Arion banka hf. með tilliti til fylgni við útlánareglur og stefnu bankans um verðlagningu og tryggingatöku útlána. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl félagsins þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júlí 2015.

Arion banki hf. afhenti Fjármálaeftirlitinu yfirlit yfir öll ný útlán bankans á 12 mánaða tímabili sem voru hærrí en 100 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið tók lánveitingar til þriggja lögaðila til nánari skoðunar og var miðað við að eitt útlán væri til viðskiptavinar sem væri þegar í viðskiptum við bankann, annað væri til viðskiptavinar sem ekki hefði verið í viðskiptum við bankann fyrir veitingu lánsins og þriðja útlánið væri til fyrirtækis sem tengdist hótélgeiranum. Útlánin námu samtals um 2,5 milljörðum króna. Athuginin fór þannig fram að Fjármálaeftirlitið skoðaði feril lánveitinga frá því umsókn eða beiðni um lánveitingu barst Arion banka hf. og þar til að bankinn hafði greitt lánið út. Við athuginina studdist Fjármálaeftirlitið aðallega við lánareglur bankans, gögn sem tengdust lánasamþykktum og verklagsreglur um lánsþæfismat.

Helstu niðurstöður athugunarinnar

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að bankinn hefði ógilt tiltekið tryggingarskjal vegna lánveitingar án þess að samþykki lánanefndar lægi fyrir og haft aðkomu að aflýsingu skjalsins hjá sýslumanni sem leiddi m.a. til þess að lánveitingin var án þinglýstrar tryggingar gagnvart viðkomandi viðskiptavini í tæpa tvo mánuði. Sú framkvæmd samræmdest hvorki skilyrðum samþykkis lánanefndar, útlánareglum né ákvæðum lánssamningsins. Fjármálaeftirlitið telur framangreint brjóta í bága við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, samanber 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfssemi.